



1. júní 2022  
Tilv.: 2205170

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka (sýndareignir o.fl.), 594. mál

Seðlabanki Íslands (hér eftir Seðlabankinn) vísar til tölvubréfs frá efnahags- og viðskiptanefnd, dags. 25. maí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka (sýndareignir o.fl.), 594. mál.

Seðlabankinn telur mikilvægt að frumvarpið nái fram að ganga og telur þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu nauðsynlegar. Seðlabankinn telur þó ástæðu til að koma á framfæri tveimur atriðum.

### **15. gr. frumvarpsins**

Í 1. mgr. 35. gr. laga nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, er kveðið á um að þjónustuveitendur viðskipta milli sýndarfjár, rafeyris og gjaldmiðla séu skráningarskyldir aðilar samkvæmt lögnum hjá fjármálaeftirliti Seðlabankans og þurfa þeir að uppfylla tiltekin skilyrði til þess að hljóta skráningu, sbr. 37. gr. laganna.

Hvorki er í framangreindum lögum né í frumvarpinu gerð krafa um að þjónustuveitendur sem hyggjast stunda hér þjónustu hafi fasta starfsstöð hér á landi. Seðlabankinn vekur athygli á að innan alþjóðlega fjármálaaðgerðahópsins (Financial Action Task Force, FATF) hefur verið mikil umræða um sýndarfé og þróun löggjafar um umrædd viðskipti. Meðal annars hefur verið bent á að löggjöf hafi ekki verið samræmd milli ríkja og nauðsynlegar reglur ekki verið innleiddar með fullnægjandi hætti alls staðar. Þannig geti aðili nýtt sér aðstæður til þess að láta hjá líða að innleiða fullnægjandi varnir gegn peningabætti og bjóða upp á starfsemi sína í fjölda ríkja, án þess að sæta þar eftirliti. Í ljósi þess að ekki hefur verið innleidd samræmd löggjöf um starfsemi þessara aðila innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) er mikilvægt að hafa í huga að kröfur til þessara aðila og eftirlit með starfsemi þeirra eru mismunandi sem er líklegt til að torvela verulega samstarf við erlend eftirlitsstjórnvöld vegna eftirlits með þjónustuveitendum. Þá kynni erlend staðfesta aðila með skráningu hér á landi að leiða til aukins kostnaðar við eftirlit enda framkvæmd vettvangseftirlits umfangsmeiri.

Að mati Seðlabankans er nauðsynlegt að gera þá kröfu að aðili sem hyggst bjóða upp á þjónustu tengda sýndarfé hér á landi, stundi starfsemina frá fastri starfsstöð hér á landi. Ástæðan eru þeir erfiðleikar sem tengjast mögulegu eftirliti með aðilum en um er að ræða starfsemi sem fer að miklu leyti fram rafrænt auk þess sem borið hefur á aukinni útbreiðslu sýndareigna. Með því að setja kröfu um fasta starfsstöð yrði því tryggt að Seðlabankinn geti sinnt fullnægjandi eftirliti með þeim aðilum sem bjóða upp á þjónustuna hér á landi. Með fastri starfsstöð er átt við atvinnustöð þar sem starfsemi fyrirtækis fer að nokkru eða öllu leyti fram, s.s. skrifstofa fyrirtækisins.

Seðlabankinn vekur athygli á því að umgjörð og reglur um sýndareignir og viðskipti með þær hafa ekki enn verið samræmdar innan EES en vinna við það er hafin á vettvangi Evrópusambandsins (ESB). Drög að reglugerð ESB um *Markets in Crypto Assets* gera ráð fyrir að þjónustuveitendur sækji um starfsleyfi í gegnum eftirlitsaðila í því ríki þar sem þeir hafa fasta starfsstöð. Þar sem fyrir liggur að talsverður tími getur liðið þar til að reglur á þessu sviði verði samræmdar innan Evrópu, telur Seðlabankinn mikilvægt að bregðast við umræddri stöðu nú.

Að framangreindu virtu leggur Seðlabankinn til að 3. mgr. 15. gr. frumvarpsins hljóði svo:

„Á eftir 2. mgr. 35. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Stundi skráningarskyldur aðili skv. 1. mgr. 35. gr. starfsemi hér á landi skal hún stunduð frá fastri starfsstöð.

Skráningarskyldur aðili skv. 1. mgr. skal veita upplýsingar um framkvæmdastjóra, stjórnarmenn, stofnendur, hluthafa og raunverulega eigendur ásamt ítarlegri lýsingu á fyrirhugaðri starfsemi og upplýsingum um starfsstöð. Auk þess skal skráningarskyldur aðili veita upplýsingar um fyrirhugaðar aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka samkvæmt lögum þessum, sérstaklega varðandi áhættumat, könnun áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn, stefnu, stýringar og verkferla, þjálfun starfsmanna, ábyrgðarmann og rannsóknar- og tilkynningarskyldu. Seðlabanki Íslands getur óskað frekari upplýsinga í tengslum við skráningu sé það talið nauðsynlegt.“

## 16. gr. frumvarpsins

Í 16. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 37. gr. laga nr. 140/2018 en í því felst m.a. að neita skuli um skráningu skv. 1. mgr. 35. gr. laganna ef skráningarskyldur aðili, raunverulegir eigendur, stjórn eða framkvæmdastjóri eru ekki fjárhagslega sjálfstæðir eða hafa ekki yfir að ráða þekkingu, hæfni og reynslu sem nýtist í starfi, sbr. c-liður ákvæðisins. Markmið umræddrar breytingar var að samræma hæfisskilyrði til aðila sem standa að baki skráningarskyldum aðilum og hæfisskilyrði sem gilda um aðra sambærilega aðila á fjármálamarkaði. Með þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpinu er gengið lengra með því að setja

skráningarskyldum aðilum og raunverulegum eigendum þeirra slík hæfisskilyrði.  
Að því virtu leggur Seðlabankinn til að ákvæði c-liðar 1. mgr. 37. gr. hljóði svo:

„c. Stjórn eða framkvæmdastjóri eru ekki fjárhagslega sjálfstæðir eða hafa ekki yfir að ráða þekkingu, hæfni og reynslu sem nýtist í starfi.“

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Unnur Gunnarsdóttir  
varaseðlabankastjóri  
fjármálaeftirlits

Björk Sigurgísladóttir  
framkvæmdastjóri  
lagalegt eftirlit og vettvangsathuganir